

3. fundur nefndar sem skipuð var 2. maí 2018, 12 mars 2020.

Fundartími: 12. febrúar klukkan 15

Mættir: Þorvarður Árnason, Sæmundur Helgason og Hjalti Þór Vignisson, Hugrún Harpa Reynisdóttir, Ásgerður Gylfadóttir, fulltrúi foreldra.

Einnig : Eyjólfur Guðmundsson, skólameistari og Ragnheiður Sigjónsdóttir fulltrúi foreldra.

Boðuðu forföll: Eva Björk Harðardóttir.

Fundargerð: Hugrún Harpa Reynisdóttir

1. Ársreikningur 2018

Yfirlit yfir afkomu ársins 2018 lá fyrir í gögnum fundarins. Afkoma skólans hefur verið með ágætum undanfarin ár en Eyjólfur tekur fram að gera megi ráð fyrir að taprekstur verði meiri á árinu 2019 og kann reksturinn að verða þyngri á komandi árum. Sveiflur á milli ára í fjárveitingum til skólans gera það að verkum að erfitt getur verið að gera áætlanir fyrir starfsemi skólans. Vonir standa til að breytingar verði á því og meiri stöðugleiki náist hvað það varðar.

Sæmundur spurði hvort skilgreint væri hvert þjónustusvæði skólans er, Eyjólfur sagði það vera Sveitarfélagið Hornafjörður en þó hafi Skaftárhreppur stundum nefndur sem þjónustusvæði einnig en sú afmörkun sé ekki skýr.

2. Greining á ævintýraferðaþjónustunámi FAS, ritgerð Halldóru.

Eyjólfur sagði frá ritgerð sem fjallar um Fjallamennskunámið í skólanum. Námið fær góða dóma í ritgerðinni og ekki síst er vakið þar máls á því að skólanum hafi tekist að koma á fót svo öflugum námi. Stefna skólans birtist þarna, sérstaklega þegar kemur að því að þjóna sínu svæði með því að tengja ákveðna þætti til hagræðingar. Niðurstöðurnar eru almennt jákvæðar fyrir skólann en um leið atriði sem vert er að skoða í framhaldinu.

Þorvarður spurði um framtíð fjallamennskunámsins eftir að Advent verkefninu lýkur og sagðist Eyjólfur meta framtíð námsins bjarta að loknu því verkefni. Víðtækt samstarf við aðra skóla mun styðja við framhald og framtíð námsins.

30 – 40 nemendur hafa útskrifast úr náminu. Nemendur sem ljúka náminu standa vel að námi loknu með tilliti til atvinnutækifæra.

3. Sjálfsmatsskýrsla 2018-2019

Eyjólfur fór yfir skýrsluna og vakti sérstaklega máls á þeirri sveiflu sem er á milli ára í nemendagildi. Einnig eru miklar sveiflur á milli ára í brottfalli nemenda sem skýrist að hluta til af breytilegum fjölda fjarnemenda.

Umræður sköpuðust um fjölda útskrifaðra nemenda úr Grunnskóla Hornafjarðar sem skila sér til náms í FAS.

Skýrslan liggur fyrir á vef skólans.

4. Ársskýrsla 2018

Eyjólfur kynnti skýrsluna sem greinir frá markmiðum og árangri skólans á því ári sem skýrslan nær til. Þorvarður spurði um fjölgun starfsmanna sem kemur fram í skýrslunni. Sú fjölgun tengdist fyrst og fremst uppbyggingu list- og menningarsviðsins.

Þorvarður spurði um stöðu mála á List- og verkgreinahúsi, Eyjólfur greindi frá því að umsóknin væri komin í ferli hjá Mennta- og menningarmálaráðneytinu. Umræður sköpuðust um mögulegar leiðir til samstarfs við ýmsa aðila til að efla list- og verkgreinar á svæðinu. Rætt var um matreiðslueldhús sérstaklega og hvaða möguleikar væru fyrir hendi til að nýta aðstöðu sem er til staðar nú þegar.

5. Stefnuskjal 2020-2023

Eyjólfur fór yfir helstu atriði skjalsins, svo sem markmið, mælikvarða og aðgerðir sem koma þar fram. Markmiðin eru tengd þeim markmiðum sem ráðneytið setur fram. Þá eru listaðar upp aðgerðir sem eiga að stuðla að því að markmiðum verði náð. Skjalið er nokkurs konar sammingsígildi milli skólans og ráðuneytisins. Skjalið er alltaf unnið í lok haustannar og hvetur Eyjólfur nefndarmenn til að koma til skila ábendingum um efni þess.

6. Fjárveitingarbréf, janúar 2020

Eyjólfur greindi frá því að áætlun sem gerð var fyrir árið 2020 hafi verið samþykkt og að framlag til skólans fyrir árið sé ásættanlegt. Eyjólfur kynnti samhliða framsettar áherslur í ríkisrekstri og benti á að skólanefnd gæti skoðað að vinna að þessum áherslum í framtíðinni.

7. Önnur mál

Umræður sköpuðust um umhverfi menntamála á svæðinu.

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn í apríl eða maí.

Fundi slítið klukkan 17